



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 210

Kristinn Lýðsson

(1904-1981)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 210

Kristinn Lýðsson

Formáli

Lýður Kristinn Lýðsson var fæddur 14. apríl 1904 í Hjallanesi, Landmannahrepp, í Rangárvallasýslu. Foreldrar hans voru þau hjónin Sigríður Sigurðardóttir húsfreyja og Lýður Árnason bóndi. Þau eignuðust tólf börn, tíu syni og tvær dætur og var Kristinn næst yngstur í systkinahópnum. Í Hjallanesi ólst Kristinn upp ásamt systkinum sínum og eitt af öðru fóru þau að vinna og þó þau væru ung að árum munu þau hafa dugað vel. Eftir að Kristinn kom til Reykjavíkur starfaði hann til fjölda ára í Ölgerð Egils Skallagrímssonar, lengst af sem verkstjóri.

Kristinn kvæntist Aðalheiði Björnsdóttur 10. október 1931. Foreldrar hennar voru þau Hólmfríður Hannesdóttir frá Haukagili í Vatnsdal og Björn Þorsteinsson kaupmaður á Hofi í Vatnsdal og síðar bóndi í Miðhópi, Þorkelshólshrepp í Vestur-Húnavatnssýslu. Aðalheiður fór í fóstur til hjónanna Ingibjargar Kristmundsdóttur og Jóns Baldvinssonar á Kötlustöðum í Vatnsdal. Á unglingsárum vann Aðalheiður hefðbundin sveitastörf, var í kaupavinnu og við heimilisstörf á ýmsum bæjum. 17 ára gömul fór hún í Húsmæðraskólann á Blönduósi og var þar í eitt ár. Liðlega tvítug fluttist hún til Reykjavíkur og fljótlega eftir það hóf hún störf hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar þar sem kynntist Kristni Lýðssyni.

Kristinn og Aðalheiður eignuðust fjögur börn. Þau voru Unnur, Jón Ingi, Sigurður Lýður og Ásdís. Þau bjuggu fyrst á Týsgötu, en mest allan sinn búskap bjuggu þau á Hringbraut 52, þar sem þau eignuðust eigin íbúð í nýbyggðum verkamannabústöðum árið 1937. Fyrstu árin eftir lát Kristins bjó Aðalheiður áfram á Hringbrautinni en síðar fór hún á Landspítalann og svo á Sólvang í Hafnarfirði.

Kristinn Lýðsson andaðist þann 19. desember 1981 og Aðalheiður Björnsdóttir 20. september 1987.

Heimild: *Morgunblaðið* 30. desember 1981, bls. 18 og *Morgunblaðið* 1. október 1987, bls. 58. Útprentaðar minningargreinar þeirra Kristins og Aðalheiðar eru settar fremst í öskju nr. 1, sjá einnig einkaskjalasafn nr. 260

Afhending: Helgi Sigurðsson, starfsmaður í Árbæjarsafni, afhenti safninu skjöl Kristins, ásamt skjölum Ölgerðar Egils Skallagrímssonar hf. 27. júní 2001. Skjöl þessi virðast hafa tilheyrt Kristni Lýðssyni sem starfaði hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar hf. og voru mjög illa farin. Henda varð nokkrum bókum sem voru morknar.

Innihald: Launaseðlar, færslubækur, reikningar, kvittanir o.fl.

Tími: 1943-1968.

Magn: 1 askja

Skjalaskrá

Askja 1

Launaseðlar Kristins Lýðssonar fyrir árið 1968.
Færslubækur vegna ölgerðar 1943, 1946, 1958.
Gerjunarbækur 1949, 1952, 1953, 1955, 1958, 1959, 1963 og 1966.
Lyfseðill vegna ölgerðar 1948.
Kvittun vegna tækjakaupa frá Vald. Poulsen 1972
Reikningur vegna tækjakaupa frá fyrirtækinu Titan 1959.
Miðar utan af flöskum: Polar Beer, tveir að tölu.

Skráð 2016,
Ragnhildur Bragadóttir og
GBS